



## Stjórnarfundur 12.05. 2014

### Fundargerð - 2

Aðalstjórn Aftureldingar fundaði miðvikudaginn 12. maí 2014 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 20:00.

Mætt: Eymundur Sigurðsson (ES), Gudjon Helgason (GH), Hekla Klemenzdóttir (HK), Geirharður Long (GL), Anna Sigurðardóttir (AS) og Auður Gunnarsóttir (AG)

Einnig mættu Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri og Ester Sveinbjarnardóttir verkefnastjóri á fundinn.

Lára B. Helgadóttir boðaði forföll.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

#### Fundir með deildum.

Fundir sem haldnir hafa verið með stjórnendum knattspyrnudeildar kynntir.

#### Minningarsjóður.

Endurbætt umsóknareyðublað Minningarsjóðs komið á heimasíðu félagsins. Styrkir sem samþykktir voru fyrir síðasta ár hefur verið útdeilt til deilda félagsins í stað niðurfeltra æfingagjalda í viðkomandi deild.

#### Verkferill Siðanefndar félagsins.

Nýr verkferill Siðanefndar Aftureldingar kominn á heimasíðu félagsins.

#### Önnur mál.

- Uppfærsla á Felix iðkendaskráningarkerfi ÍSÍ lokið.
- Upplýsingaskýrslu skilað til Mosfellsbæjar varðandi starf og tölfræði félagsins.

Fundi slitið 21:30

Eymundur Sigurðsson  
( sign. )